Matvælastofnun rekur jafnlaunakerfi sem uppfyllir kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012, jafnréttislaga og annarra laga og meginreglna um að öllum skuli greidd jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf óháð kynferði. Í viðauka er listi yfir þær lagalegu kröfur og aðrar kröfur sem stofnuninni ber að hlíta sem hluti af innleiðingu jafnlaunastaðals og vottun á jafnlaunakerfi hennar. Þar er einnig að finna tilvísun í sértæk ákvæði hverrar lagalegu kröfu þar sem það á við.

Allar lagalegar kröfur sem tilgreindar eru í viðauka er að finna á vef Matvælastofnunar undir flokknum ´Jafnlaunavottun´. Fagsviðsstjóri löggjafar á stjórnsýslusviði vaktar útgáfu reglugerða daglega og upplýsir starfsmenn með tölvupósti um allar breytingar sem verða á þeim skjölum sem varða starfsemi stofnunarinnar sem og jafnréttis- og jafnlaunamál.

Fyrir 1. mars ár hvert tryggir gæðastjóri Matvælastofnunar í samráði við yfirstjórn að framkvæmt sé mat á hlítingu stofnunarinnar við lagalegar kröfur og aðrar kröfur sbr. kröfu 4.5.2 í Jafnlaunastaðli ÍST 85:2012.

Hann stofnar mál í málakerfi undir Matvælastofnun með heitinu „Jafnlaunakerfi – Mat á hlítingu 20XX“ með málalykil 1.0 Almennt. Forstjóri er ábyrgðaraðili og mannauðsstjóri tengdur aðili máls.Sá aðili sem framkvæmir matið hverju sinni er úrvinnsluaðili. Við undirbúning matsins skannar úrvinnsluaðili öll ný lög og breytingar á lögum sem varða jafnréttis- og jafnlaunamál 1 ár aftur í tímann. Einnig er heimasíða Jafnréttisstofu gagnleg til stuðnings.

Niðurstöður mats eru vistaðar í málinu og færðar í SKRA-009 Jafnlaunakerfi – Hlíting sem vistuð er á S:/Jafnlaunakerfi – Skjöl. Skráin nýtist jafnframt sem gátlisti við hverja skoðun.

Með mati á hlítingu skal tryggja að ávallt sé tekið mið af nýjustu útgáfu laga, reglugerða og annarra krafna með síðustu breytingum og að allar kröfur séu ávallt aðgengilegar öllum starfsmönnum á hverjum tíma. Tryggja skal að skjöl og vinnubrögð stofnunarinnar séu í samræmi við þessar kröfur og fram skal koma hver er ábyrgur fyrir þeim úrbótum sem gera þarf ef matið leiðir frábrigði í ljós. Úrbótatillögur skulu jafnfram tímasettar og úrlausn þeirra skráð í SKRA-009.

Gæðastjóri er ábyrgur fyrir eftirfylgni úrbóta.

Jafnlaunastaðall 85:2012

Greining á lagalegum kröfum og öðrum kröfum sbr. Kröfu 4.3.2

Nr.	Krafa	Ákvæði	Efni	Hlíting af hálfu MAST
70/1996	Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins	6.3	Jafn réttur kvk, kk og fólks með hlutlausa skráningu kyns til starfa og sömu launa fyrir sambærileg störf	Launa- og jafnlaunastefna (kafli 4.3 í starfsmannahandbók)
		8	Upplýsingar um ráðningarkjör	Ráðningarsamningur, EBL-068 Launaröðunarblað
		9.1	Réttur til launa	Kjarasamningur, ráðningarsamningur
		9.2	Viðbót við grunnlaun (hæfni, álag, árangur)	Heimild í stofnanasamningum
		9.3	Viðbótarlaun – jafn réttur	Minnisblað um viðbótarlaun og matskerfi skv. Bókun 2 og greinargerð (sbr. Bókun 2 í kjarasamningi BHM og fjármálaráðherra 2014)
		17	Ákvörðun vinnutíma og yfirvinna	Ráðningarsamningur og EBL-068
		19	Breyting á starfi – breytt kjör	Ráðningarsamningur, EBL-068 Eyðublað launabreytinga
		42	Ráðningarsamningur - Kjör	Vistun í möppu starfsmanns á L-drifi, afrit starfsmanns, launaröðunarblað
		47	Kjarasamningar	Á síðum stéttarfélaga
94/1986	Lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna		Framfylgd kjarasamninga	Ráðningarsamningur, launaröðunarblað
37/1993	Stjórnsýslulög	3	Vanhæfi	Siðareglur, erindisbréf forstjóra
		10	Rannsóknarreglan	LBE-179 Verklagsregla um launagreiningu og rannsókn á frávikum (launamun)
		11	Jafnræðisreglan	Starfsmannahandbók (inngangur og kafli 2.8)
		13	Andmælaréttur (upplýsingaréttur, aðgangur að gögnum og kæruheimild)	Gildi MAST – Gagnsæi SSK-011 Skjalastjórnunarstefna Upplýsingastefna (á ytri vef MAST)

		20-21	Rökstuðningur o.fl.	VLY-021 Ráðning starfsmanna – Úrvinnsla og móttaka VLY-113 Erindi starfsmanns – Laun og kjör
		26	Stjórnsýslukæra	Svarbréf til umsækjenda (sniðmát bréfs í málakerfi)
90/2018	Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga			VLY-021 Ráðning starfsmanna Persónuverndarstefna (starfsmannahandbók) LBE-155 Skráning í kerfi MAST m.t.t. persónuverndar
150/2020	Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna	II. kafli	Jöfn staða kynja á vinnumarkaði, flokkun starfa og jafn hlutur kynja í stjórnunarstöðum, jafnréttisáætlun, launajafnrétti	Launa- og jafnlaunastefna Jafnréttisstefna og aðgerðaáætlun (kafli 4 í starfsmannahandbók) LBE-179 Jafnlaunaviðmið og launagreining Kafli 3.3 í starfsmannahandbók (ráðningarferli)
		12	Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun	Auglýsingar Starfsþróunarstefna og reglur um námsleyfi (kafli 3.24 í starfsmannahandbók) VRF-027 Þjálfun starfsmanna VLY-053 Þjálfun starfsmanna – Símenntun VLY-112 Þjálfun starfsmanna – Jafnlaunakerfi EBL-129 Þjálfun starfsmanna – Jafnlaunakerfi
		13	Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs	Kafli 3.19 í starfsmannahandbók Kafli 3.8 í starfsmannahandbók (viðverustefna)
		14	Kynbundið ofbeldi	Kafli 7 í starfsmannahandbók
		III. kafli	Bann við mismunum	Kafli 3.21 í starfsmannahandbók
151/2020	Lög um stjórnsýslu jafnréttismála	5	Upplýsingaöflun og eftirlit	Jafnréttisstefna og aðgerðaáætlun
86/2018	Lög um jafna meðferð á vinnumarkaði	III. kafli	Bann við mismunun	Launa- og jafnlaunastefna, jafnréttisstefna og aðgerðaáætlun, kafli 3.21 í starfsmannahandbók, LBE-182

80/2019	Lög um kynrænt sjálfræði			Launa- og jafnlaunastefna, jafnréttisstefna og aðgerðaáætlun, kafli 3.21 í starfsmannahandbók
144/2020	Lög um fæðingar- og foreldraorlof			Kafli 3.11 í starfsmannahandbók
27/2000	Lög um bann við uppsögnum vegna Fjölskylduábyrgðar starfsmanna			Kafli 4.4 í starfsmannahandbók
77/2022	Lög um sorgarleyfi	III.-IV. kafli		Kafli 3.13 í starfsmannahandbók
1009/2015	Reglugerð um aðgerðir gegn einelti, Kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum	II.-IV. kafli		Stefna gegn einelti, ofbeldi, kynbundinni og kynferðislegri áreitni og viðbragðsáætlun vegna eineltis. Kafli 4.6 og 6 í starfsmannahandbók
77/2014	Lög um opinber skjalasöfn	14		SSK-011 Skjalastjórnunarstefna MAST
		15		SSK-011 Skjalastjórnunarstefna MAST
		22-24		SSK-011 Skjalastjórnunarstefna MAST
ÍST 85:2012	Jafnlaunastaðall	Allar kröfur		
1030/2017	Reglugerð um vottun á jafnlaunakerfum fyrirtækja og stofnana á grundvelli staðalsins ÍST85	Fylgiskjal	Reglur um notkun jafnlaunamerkis	Tilvísun í fylgiskjal reglugerðar í starfsmannahandbók
	Kjarasamningar stéttarfélaga við fjármálaráðuneyti			Ráðningarsamningar, launaröðunarblað
	Stofnanasamningar Matvælastofnunar og viðkomandi kjarafélags			Ráðningarsamningar, launaröðunarblað